

Gunnlaugur A. Jónsson, Háskóla Íslands

Stormviðri og þjáning hins réttláta manns

Fingraför og áhrif Jobsbókar í þremur kvikmyndum

Inngangur og rannsóknarspurning

Margir telja Jobsbók meðal snilldarverka heimsbókmenntanna.¹ Hún telst til speki-rita Gamla testamentisins og fjallar um vandamál þjáningarinnar og hvers vegna hinn réttláti þjáist. Ljóst er að Jobsbók er meðal vinsælustu rita Gamla testamentisins og meginástæða þess er vafalaust sú að umfjöllunarefni hennar er sígilt, hvorki bundið við stað né stund. Þannig hefur Elie Wiesel (1928–2016), Nóbelsverðlaunahafinn kunnur, sem lifði af vist í útrýmingarþúðunum í Auschwitz, talað um Job sem samtíðarmann okkar.²

Það sýnir sig að Jobsbók lifir góðu lífi í menningu og listum og áhrifasaga þessarar fornu bókar er því áhugaverð til rannsóknar, ekki bara í sinni upprunalegu mynd heldur í ýmsum endurgerðum hennar eða þar sem til hennar er vísað eða hún notuð.

Stundum er í því sambandi talað um Jobsstef í bókmenntum eða t.d. kvikmyndum. Og hér er einmitt ætlunin að kanna notkun Jobsstefsins í þremur kvikmyndum, hinni ungversku *Uppreisn Jobs* (1983), bandarísku myndinni *Boðorðabryjótur* (1997) og dönsku myndinni *Epli Adams* (2005).³ Sannarlega eru fleiri kvikmyndir þar sem Jobsstefið gegnir mjög veigamiklu hlutverki. Þar á ég einkum við bandarísku kvikmyndina *A Serious Man* (Cohen-bræður, 2009) og rússnesku myndina *Levjatan* (Andrej Zvjagintsev, 2014).⁴ Þær verðskulda vissulega umfjöllun og í raun sérstaka grein en verða látnar bíða betri tíma.

¹ Þetta er t.d. staðhæft í inngangsorðum að Jobsbók í nýjustu íslensku biblíuþýðingunni frá árinu 2007, bls. 587.

² Elie Wiesel, *Messengers of God: Biblical Portraits and Legends*, New York: Simon & Schuster Paperbacks, 1976. Sjá kaflann „Job: Our Contemporary“, bls. 211–235.

³ Á frummálunum heita myndirnar *Jób lázáðasa* (1983), *Commandments* (1997) og *Adams æbler* (2005).

⁴ Levjatan var sjávarskrímsli sem kemur við sögu í Gamla testamentinu, þ. á m. í ræðum Guðs úr stormviðrinu í Job 38–40. Í bók sinni *The Old Testament in Fiction and Film: On Reversing the Hermeneutical Flow*, Sheffield: Sheffield Academic Press, 1993, fjallar höfundurinn, Larry J. Kreitzer, um tengsl skáldsögunnar Moby Dick og samnefndrar kvikmyndar við biblíurit og Levjatan, þ. á m. Jobsbók, í kaflanum „Moby-Dick: Encountering the Leviathan of God“, bls. 49–93. Það er líka ástæða til að nefna þessa bók sem vísbendingu um að áhrifasaga Biblíunnar, þ.m.t. áhrif Biblíunnar í kvikmyndum, var á þessum árum, upp úr 1990, að fá aukið vægi í fræðunum. Hér á landi fékk sá áhugi byr undir báða vængi með stofnun kvikmyndaklúbbsins *Deus ex cinema* árið 2000. Félagar úr þeim klúbbi stóðu m.a. fyrir útgáfu bókarinnar *Guð á hvíta tjaldu: Trúar- og biblíustef í kvikmyndum*, ritstj. Bjarni Randver Sigurvinsson, Gunnlaugur A. Jónsson og Þorkell Ágúst Óttarsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001. Í bók sinni *Ábrifasaga Saltarans*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, fjallar höfundur þessarar greinar m.a. ítarlega um áhrif Davíðssálma í kvikmyndum. Gott dæmi um umfjöllun einstakra biblíurita í kvikmyndum er rit Roberts K. Johnsons, *Useless Beauty: Ecclesiastes through the Lens of Contemporary Film*, Grand Rapids: Baker Academic, 2004, þar sem Prédikari Gamla testamentisins er til umfjöllunar. Hliðstætt rit um notkun Jobsbókar í kvikmyndum hefur enn ekki séð dagsins ljós. Í nýju og áhugaverðu riti kemur Jobsbók þó við sögu í samhengi heimspeki og kvikmynda, ekki þó í samhengi við þær kvikmyndir sem eru til umræðu í greininni hér. Sjá: Richard Gilmore, *Searching for Wisdom in Movies: From the Book of Job to Sublime Conversations*, Springer Internaional Publishing, 2016.

Með Jobsstefi er átt við að nokkur helstu einkenni Jobsbókar komi við sögu. Þar fyrst að nefna þjáningu, slys og ófarir réttláts manns eða réttláts fólks. Guð er ákallaður eða ófarirnar skrifaðar á hans reikning eða þá að fjallað er um hverjar ástæður ófaranna séu. Það styrkir Jobsstefið ef hliðstæður „vinanna“ úr Jobsbók koma við sögu, sem og stormviðrið, en ræða Guðs úr storminum (k. 38–40) er oft talin hápunktur ritsins. Einhvers konar lausn eða úrvinnsla hörmunganna fylgir gjarnan í lokin. Sjálfur kys ég að tala ekki um áhrif Jobsbókar nema um beinar skírskotanir sé að ræða í því verki sem til umræðu eða rannsóknar er.

Í þessari grein verður kannað hvernig Jobsstefið birtist í þessum myndum, í hvaða mæli unnið er með hinar sígildu spurningar ritsins og hvaða trúarstef Jobsbókar fá mest vægi í myndunum þremur. Það eru m.ö.o. þær rannsóknarspurningar sem hér er ætlunin að leitast við að svara.

Hér á eftir verður fjallað um myndirnar þrjár hverja á eftir annarri, í aldursröð.

Ættleiðing sem vörn gegn útrýmingu: Jobsbók í kvikmyndinni *Uppreisn Jobs*

Í bók frá 1998 þar sem fjallað er um kvikmyndir með Gyðinga að meginsöguefni er ungverska myndin *Uppreisn Jobs* talin meðal bestu kvikmynda þeirrar gerðar.⁵ Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki útlendra mynda 1983 en hefur samt hlotið furðu litla umfjöllun.

Sögubráður

Ungverskur sveitamaður að nafni Job kemur á munaðarleysingjahæli þar sem hópur drengja er að ærslast í sundlaug. Eftir talsverða umhugsun og skoðun velur hann sér einn þeirra til ættleiðingar. Job er Gyðingur en strákurinn Lacko, sem fyrir valinu verður, er kristinn. Hann er ljóshærður og útlit hans fjarri því að teljast gyðinglegt. Job líst vel á ærslafullan drenginn, finnst hann stæltur og efnilegur. Fer svo að hann borgar tvo kálfa fyrir strákinn.

Sögusviðið er ungversk sveit árið 1943. Brottflutningur Gyðinga er á næsta leiti. Job og Rósa, kona hans, eru barnlaus. Þau hafa misst öll sjö börn sín úr barnaveiki og minnir talan sjö á að Job Gamla testamentisins missti sjö syni.⁶

Í myndinni gleðst Job yfir ættleidda syninum og segir við Rósu, konu sína: „Við lékum á filisteaflið, hann Hitler.“

Þau gera sér grein fyrir hvaða örlög bíða þeirra og þetta er viðleitni þeirra til að lifa áfram í niðjanum, eða ala upp einn dreng fyrir Drottin, eins og Job orðar það.

Strákurinn ungi streitist á móti, vill ekki fara með Job og konu hans en þegar þau eru komin af stað hefur lítill hundur slegist í för með honum og verður hluti af lífi hans í sveitinni.

Fljótlega sjást hjónin Job og Rósa leita að hinum nýja syni sínum við sefvatn nærri húsi þeirra úti á landsbyggðinni. Þau finna Lacko um síðir þar sem hann er sofnaður í sefinu. Sefið skapar hugrenningatengsl við Sefhafið (Rauðahafið)⁷ í 2. Mósebók og

⁵ Kathryn Bernheimer, *The 50 Greatest Jewish Movies: Critic's Ranking of the Very Best*, Carol Publishing Group: Secaucus, N.J., 1998, bls. 111–113. Þar er myndin sett í 28. sæti.

⁶ Job Gamla testamentisins missti vissulega tíu börn, en sjö þeirra voru drengir.

⁷ Hebreska hugtakið *jam síf* er þarna að baki en það þýðir „sefhað“.

svefn Lackos litla minnir jafnvel á er Móse var sem sveinbarni bjargað úr Níl (2Mós 2.1–10).

Þrátt fyrir að hafa í byrjun reynt að hlaupast á brott frá þessum ókunnu „foreldrum“ með hundi sínum hænist Lacko fljótt að þeim. Umhverfið í sveitinni er fallett og hann unir sér fljótlega vel þar. Frjálsræðið í sveitinni hefur væntanlega verið annað og meira en á munaðarleysingjahælinu og gömlu hjónin eru honum mjög góð. Leynir sér ekki hve vænt þeim þykir um hann og andrúmsloftið á heimilinu einkennist af glaðværð þótt ógnvænlegir aburðir vofi yfir.

Lacko litli tileinkar sér gyðinglegar siðvenjur þrátt fyrir að gömlu hjónin reyni þvert á móti að láta hann líta út sem kristinn. Þau fá meira að segja kristinn munk til að kenna honum bænir og þau segja honum að neita því að hann sé Gyðingur. Þau höfðu lagt kapp á að fá skírnarvottorð með honum og reyna frekar en hitt að halda honum frá gyðinglegum trúarvenjum. En svo vænt þykir honum um þau að hann fær áhuga á gyðinglegum helgisíðum og hátíðum.

Myndin er að mörgu leyti sögð af sjónarhóli barns. Við sjáum t.d. hvar Lacko er að gægjast inn um glugga þar sem hann sér Rósu kveikja á kertum og undirbúa páskahátíð Gyðinga. Lacko litli leitast við að tileinka sér þær siðvenjur sem hann verður vitni að. Einnig sér hann inn um glugga þar sem menn eru að lesa og íhuga lögmálið (*torah*). Gyðinglegir helgidagar og hátíðir koma enda við sögu í myndinni. Á það a.m.k. við um hvíldardaginn (*sabbat*), friðþægingardaginn (*jom kippur*) og páska (*pesah*). Og smám saman er Lacko farinn að taka nokkurn þátt í helgiathöfnunum og Job hefur kennt honum að Guð sé að finna í sérhverju góðu verki eða athöfn.⁸

Ahorfendur fá að fylgjast með framvindu lífs Lackos hjá þessum nýju en heldur öldruðu foreldrum hans. Hann kynnist ungu pari sem foreldrar hans hafa haft í vinnu og einnig þar sjáum við hann kíkja inn um glugga og m.a. horfa á þau elskast. Það er greinilegt að Job og Rósa hafa ætlað unga parinu að annast Lacko þegar þau eru horfin á braut. Og svo fer að hann fær að reyna gyðingahatur á eigin skinni, hann er uppnefndur Gyðingur og grjóti er kastað í glugga á húsi foreldra hans. Hitt virðist þó meira ríkjandi að hann falli inn í barnahópinn í sveitinni og þorpinu en uppnefnin og grjótkastið eru eins og fyrirboðar þess sem koma skyldi.

Og þar kemur að það sem hjónin Job og Rósa hafa óttast verður að veruleika. Þau eru látin bera armband með gulum stjörnum sem tákn þess að þau séu Gyðingar, hlerar eru settir fyrir gluggana á húsi þeirra og þau eru flutt á brott ásamt fjölmörgum Gyðingum öðrum. Lacko hafði þá verið komið fyrir hjá unga parinu sem áður var getið og þau Rósa og Job höfðu þegar komið miklu af eignum sínum, þ.m.t. gyðinglegum helgigripum, til þeirra.

Vagnar eða hestakerrur eru komnar á vettvang og Gyðingum er smalað upp í þær eins og búfénaði, þ. á m. Job og Rósu. Aðrir íbúar þorpsins horfa á, flestir afskiptalausir en einhverjir reyna árangurslaust að veita Gyðingunum einhverja hjálp, að gefa þeim að drekka eða annað slíkt.

⁸ Þetta bendir til að Job hafi tilheyrnt hasídím-grein gyðingdóms. Hinn kunní heimspekingur Martin Buber (1878–1965) hefur sagt að kenningu hasídísmans megi njörva niður í eina málsgrein: „Unnt er að sjá Guð í sérhverjum hlut og nálgast hann með sérhverri hreinni athöfn.“ Sjá Martin Buber, *Hasidism and Modern Man*, New York: Harper Torchbooks, 1958, bls. 49.

Þegar Lacko litli hleypur til foreldra sinna, þeirra Rósu og Jobs, og hermaður spyr þau hver hans sé svara þau: „Við þekkjum hann ekki.“ Það leynir sér ekki að hann verður bæði undrandi og sár en þetta er ráð þeirra til að bjarga honum.

Þau voru búin að koma honum fyrir hjá fólki sem þau treystu og sem hann hafði kynnst og hænst að. Þannig var framtíð hans trygg og þeirri framtíð vildu þau ekki tefla í tvísýnu með því að sýna honum væntumþykju þegar verið var að flytja þau á brott. Það er óneitanlega áhrifamikil sena þar sem Lacko litli horfir á þau fullur undrunar og ásökunar en mætir aðeins sorgmæddum augum þeirra.

Tengsl við Jobsbók

Nafnið Job á föðurnum í myndinni skapar að sjálfsögðu hugrenningatengsl við Job Gamla testamentisins. Þjáningar þeirra hjóna, Jobs og Rósu, auka á þau tengsl, ekki síst missir barnanna sjö. Og þjáningum þeirra er ekki þar með lokið heldur er þeim ljóst hvað þau eiga í vændum af hálfu nasista. Hliðstæðan við Jobsbók byggist einkum á því hvernig að ófarir koma á ófarir ofan. Verslun sem þau höfðu stundað er t.d. orðin þeim ómöguleg vegna þess hve tekið er að þrengja að Gyðingum.⁹

Hinn ungverski Job telur sig geta snúið á óvininn, sem í hans tilfelli er ekki Guð, heldur Hitler og útrýmingarherferð nasista gegn Gyðingum. Með því að ættleiða ungan kristinn dreng telur hann sig hafa snúið á Hitler og eigi nú einhvern til að arfleiða.

Seint í myndinni veikist Lacko alvarlega. Hann fær háan hita, á erfitt með andardrátt, virðist kominn með alvarlega lungnabólgu eða barnaveiki. Hjónin Job og Rósa minnst örlaga barnanna sjö, sem þau misstu úr barnaveiki. Þau reyna allt sem að gagni megi koma og eru full örvæntingar. Job biður til Guðs með biblíulegu orðalagi. „Ekki skilja einkason minn eftir í Egyptalandi. Eins og þú sendir regn þá bið ég þig að láta þennan dreng vaxa úr grasi.“ Í kjölfarið er eins og Guð tali úr stormviðrinu (sbr. Job 38–40) því að úrhellisrigning kemur. Job svarar: „Hallelújah. Þú sendir regn sem svar við bæn minni.“ Óveðrið felur því í sér bænheyrslu, að mati hins ungverska Jobs.

Það má því segja að í myndinni, eins og í Jobsbók, marki stormviðrið (Job 38–40) þáttaskil svo að um munar. Það er þó tæpast hægt að tala um nokkurn hamingju-samlegan endi í þessari mynd, eins og í Jobsbók.

En vissulega tekst fyrirætlun hins ungverska Jobs. Hann eignast erfingja sem heldur eigum hans og minnst foreldra sinna. Það síðasta sem við sjáum til Lackos í myndinni er að hann hleypur út á akur í örvæntingu og kallar: „Messías, Messías!“

Það væri fjarri lagi að tala um þessa mynd sem endurgerð Jobsbókar en ákveðnir þættir í henni gera það að verkum að ljóst er að nafnið Job á föðurnum er engin tilviljun heldur er því ætlað að skapa tengsl við Job Gamla testamentisins. Það má líta á myndina sem hluta af áhrifasögu Jobsbókar, eða framhaldslífi hennar. Og í því sambandi má minnst þess að ekkert rit Gamla testamentisins hefur gegnt eins stóru

⁹ Verslun hjónanna Jobs og Rósu skapar hugrenningatengsl við aðra ungverska helfararmynd, þ.e. myndina Verslunin í Aðalstræti (*Obchod na korze*), sem hlaut Óskarsverðlaun sem besta útlenda kvikmyndin árið 1965. Sjá Annette Insdorf og Gunnlaugur A. Jónsson, *Von í þjáningu: Trúarstef í nokkrum helfararmyndum*, Reykjavík: Deus ex cinema/Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003, bls. 39–47. Sbr. einnig Annette Insdorf, *Indelible Shadows: Film and the Holocaust*, Cambridge: Cambridge University Press, 2003, 3. útg., bls. 163–164.

hlutverki í umræðunni um tengsl helfararinnar og Biblíunnar og einmitt Jobsbók.¹⁰ Má minna á að um verkið *The Trial of God*¹¹ eftir Elie Wiesel hefur verið sagt að það sé „núttímalegur endurlestur á Job“.¹²

Um leikstjórn myndarinnar

Börn koma mjög við sögu í helfararmyndum og bent hefur verið á að sakleysi þeirra sé til þess fallið að skapa samúð kvikmyndaáhorfenda.¹³ Það er vafalaust rétt en hitt er ekki síður rétt að börn voru drjúgur hluti þess fólks sem lét lífið í helförinni. Það var einfaldlega hinn skelfilegi sögulegi veruleiki.

Myndin er ekki beinlínis sannsöguleg en er að vissu leyti byggð á minningum leikstjórans, Gyongyossys, og má segja að hún sé persónulegt uppgjör hans að hluta til. Hann hafði um skeið verið í umsjón Gyðingahjóna á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. „Einn daginn hurfu þau bara og allt til þessa dags er ég að bíða eftir þeim, eins og barn,“¹⁴ hefur hann sagt. Það atvik hefur alltaf búið með honum. Honum finnst sem hann þurfi að bera vitni um þennan atburð. Hann hefur í tengslum við myndina talað um að boð 5. Mósebókar um að kenna börnum sé mikilvægasta boð Biblíunnar.¹⁵

Hann segir að þó að hann og samstarfsmaður hans við gerð kvikmyndarinnar séu ekki Gyðingar sjálfir þá hafi þeir leitast við að sýna lífið í litlu ungversku þorpi af sagnfræðilegri trúmennsku þar sem Gyðingar hefðu búið með öðrum Ungverjum í góðri sátt þrátt fyrir ólíkar forsendur.¹⁶

Það sýnir sig líka að myndin er að talsverðu leyti sögð af sjónarhóli barns.¹⁷ Dæmi þess hafa raunar þegar verið nefnd, þegar Lacko kíkir í gegnum glugga til að fylgjast með mömmu sinni undirbúa trúarhátíð og fylgist með unga fólkinu í gegnum svefnherbergisglugga þeirra.

Lokaatriði myndarinnar, brottflutningur Gyðinga úr litlu sveitaþorpi í Ungverjalandi, skapar hugrenningatengsl við sögu Elies Wiesels (1928–2016) og fjölskyldu hans (foreldra og systra).¹⁸ Ýmsir þeirra sem léku í þessu lokaatriði í myndinni *Uppreisn Jobs* höfðu, að sögn leikstjórans, búið í þorpinu fyrir stríð og það sem meira var nokkrir þeirra, um tólf talsins, höfðu verið meðal hinna brottfluttu en lifað af. Þetta fólk hefði sýnt mikla þolinmæði í löngum og margendurteknum tókum í slæmu veðri. Það skildi að það þyrfti að taka upp aftur og jafnvel aftur. Það vildi taka þátt í að koma boðskapnum til skila, bera vitni um þennan viðburð sem átti sér stöð í raunveruleikanum.

¹⁰ Sjá t.d. Stephen Kepnes, „Job and Post-Holocaust Theodicy“, *Reading the Bible after the Holocaust*, ritstj. Tod Lindafeld, New York: New York University Press, 2000, bls. 252–266, og Isabel Wollastone, „Post-Holocaust Jewish Interpretations of Job“, *The Oxford Handbook of The Reception History of the Bible*, ritstj. Micahel Lieb, Emma Mason og Jonathan Roberts, Oxford: Oxford University Press, 2011, bls. 488–501.

¹¹ Elie Wiesel, *The Trial of God (as it was held on February 25, 1649, in Shamgorod)*, New York: Schocken Books, 1986.

¹² David Blumenthal, *Facing the Abusing God*, Louisville: Westminster/John Knox Press, 1993, bls. 250.

¹³ Kathryn Bernheimer, *The 50 Greatest Jewish Movies*, bls. 111.

¹⁴ Annette Insdorf, *Indelible Shadows*, bls. 92.

¹⁵ Seth Mydans, „Hungary’s Wartime Anguish is Relieved Through ‘The Revolt of Job’“, *The New York Times* 27. maí 1984. Sjá einnig Gunnlaugur A. Jónsson, „Þegar sonur þinn spyr þig: Kennsla barna í 5. Mósebók“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 31/2010, bls. 60–72.

¹⁶ Seth Mydans, „Hungary’s Wartime Anguish“.

¹⁷ Á þetta einkenni hefur Janet Maslin bent í kvikmyndadómi sínum, „Film: ‘Revolt of Job,’ Oscar Nominee“, *The New York Times*.

¹⁸ Gunnlaugur A. Jónsson, „„Ég var eins og Job...“: Um biblíustef í vitnisburði Elie Wiesels í minningu hinna dáu“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 34/2012, bls. 77–95.

Sagt hefur verið um myndina að hún sé „elskuleg endursköpun á gyðinglegum gildum og helgisiðum“¹⁹ þótt hún sé ekki unnin af Gyðingum. Einkum er hún þó vitnisburður um helförina og sá vitnisburður sækir sitthvað til Jobsbókar.

Um 600 þúsund Gyðingar voru fluttir frá Ungverjalandi og 500 þúsund þeirra sneru aldrei aftur.

Að bjóða Guði byrginn: Jobsbók í kvikmyndinni *Boðordabryjotur*

Næsta kvikmynd sem hér hefur orðið fyrir valinu, kvikmyndin *Commandments* frá árinu 1997 í leikstjórn Daniels Taplitz, sýnir margvíslegan skyldleika við Jobsbók. Hún vinnur ekki aðeins á mjög áhugaverðan hátt með vandamál og viðfangsefni Jobsbókar heldur nýtir sér að auki í ríkum mæli efnivið úr ýmsum öðrum ritum Gamla testamentisins, einkum 1. og 2. Mósebók og Jónasarbók en önnur rit koma þar einnig við sögu. Og tengslin við Sálms 73 leyna sér ekki heldur, svo mikill sem skyldleikinn milli þess sálms og Jobsbókar er.

Myndin er því sérlega forvitnilegt dæmi um textatengsl innan kvikmynda og aðlaganir texta að nýjum miðli. Kvikmyndin *Commandments* hefur verið kölluð *Boðordabryjotur* á íslensku og lýsir sá titill innihaldi hennar býsna vel. Myndin flokkast sem gyðingleg mynd, eins og *Uppreisn Jobs*, en myndirnar eru þó harla ólíkar.

Myndin *Commandments* styðst fyrst og fremst við Jobsbók og verður sjónum hér beint að tengslum kvikmyndarinnar og Jobsbókar, sem og Sálms 73. Hér skal því haldið fram að vel megi líta á kvikmyndina sem frumlega og skemmtilega túlkun á Jobsbók, eins konar „midrash“²⁰ sem felur í sér að frjálstlega er farið með biblíu-textann og hann nýttur til að skapa nýjan „texta“ eða jafnvel kvikmynd eins og í þessu tilfelli.

Söguþráður

Aðalpersóna kvikmyndarinnar *Commandments* heitir Set eins og þriðji sonur Adams og Evu (1Mós 4.25). Sú staðreynd að nafn aðalpersónu myndarinnar skuli tengjast hinni fyrstu fjölskyldu má skoða sem skýra vísbendingu um að hér sé verið að fjalla um sígilt og sammanlegt efni. Um er að ræða efni sem rækilega er glímt við í Jobsbók, þ.e. spurninguna: „Hvers vegna þjáist réttlátur maður?“ eða „Hvers vegna verður gott fólk fyrir þjáningum og böli?“²¹

Ekki er það þó svo að kvikmyndin svari þessari sígildu spurningu guðfræðinnar og raunar gerir Jobsbók það ekki heldur. Í raun má vel halda því fram að Jobsbók glími ekki síður við þá spurningu hvernig bregðast skuli við óréttlátri þjáningu og böli. Viðbrögð Jobs, þegar bókin er skoðuð í heild, eru tvenns konar. Annars vegar sýnir hann mikið þolgæði sem birtist í orðum formálans: „Ættum við að þiggja það sem er gott frá Guði, en ekki það sem er illt?“ (Job 1.10) Hins vegar bölvar hann fæðingardegi sínum (Job 3.1), krefur Guð um svör og ber hann sökum.

¹⁹ Annette Insdorf, *Indelible Shadows*, bls. 92.

²⁰ Midrash hefur verið þýtt eða skýrt sem gyðingleg ritskýring, túlkun, innlestur, viðbætur, spuni. Sbr. Gunnlaugur A. Jónsson, „Midrash – gyðinglegur spuni út af Ritningunni: Heillandi túlkunarhefð“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 18/2003, bls. 27–40.

²¹ Íslenskt dæmi höfum við í hinni athyglisverðu skáldsögu Ólafs Gunnarssonar, *Vetrarferðin*, Reykjavík: Forlagið, 1999. Sjá líka hið áhrifamikla rit Harolds S. Kushners, *When Bad Things Happen to Good People*, New York: Schocken Books, 1981. Sú bók hefur einnig komið út í íslenskri þýðingu undir heitinu *Hvers vegna ég?* Reykjavík: Vaka, 1984.

Í upphafi kvikmyndarinnar *Commandments* stendur Set uppi á húspaki í New Yorkborg og bölvar fæðingardegi sínum, líkt og Job gerir í 3. kafla Jobsbókar (v. 3). Þar er raunar um að ræða einu beinu tilvitnun kvikmyndarinnar í Jobsbók en óbeinar vísanir eru þeim mun fleiri og augljóst virðist að myndin í heild sinni er undir mjög sterkum áhrifum frá Jobsbók.

Við fáum líka innsýn í líf Harrys, svila Sets. Harry er önnum kafinn við framhjá-hald í vinnutíma sínum. Slík framsetning minnir mjög á spekirit Gamla testamentisins þar sem svo víða er dregin upp andstaðan milli hins réttláta manns og hins rangláta (sbr. Slm 1).

Síðan fáum við að sjá hvað það er sem veldur örvæntingu Sets og reiði. Eiginkona hans hafði druknað tveimur árum áður og í kjölfar þess verður hann fyrir hverju óhappinu á eftir öðru. Honum er sagt upp vinnunni vegna þess að hjarta yfirmanns hans „harðnaði“ (sbr. 2Mós 4.21; 7.3,13) og hús hans hrynur til grunna. Set hefur sem sé misst eiginkonu sína, hús sitt og atvinnu. Ekki er þó þjáningum hans þar með lokið. Hann verður fyrir eldingu, er lagður inn á sjúkrahús og telur að hundur sinn hafi drepist í eldingunni (sbr. Job 1.16). Síðan er honum sagt, eins og í huggunarskyni, að hundurinn hafi aðeins misst einn fót.

Harry, sem um margt minnir á vinina í Jobsbók, vill skýra ófarirnar fyrir Set með þeim orðum að „óhöpp henda“. Þá bregst Set ókvæða við og finnst það ódýrt og lítt sannfærandi að skýra alheiminn þannig með tveimur orðum, eins og hann orðar það: „Ég þekki mun á óheppni og hendi Guðs... Ég er ekki brjáláður... Það er verið að prófa mig... Hvernig Guð er það sem lætur hund missa fót?“

Set er m.ö.o. sannfærður um að þær ófarir sem á honum dynja séu engar tilviljanir heldur standi Guð sjálfur að baki þeim. „Ef Guð er svona hefnigjarn ætla ég að bjóða honum byrginn þar til ég dey.“ Þess strengir Set heit og hann undirbýr hefnd sína gegn almættinu.

Hér fer raunar ekkert fyrir því þolgæði sem einkennir Job í upphafsköflum Jobsbókar²² en skyldleikinn er þeim mun meiri við meginhluta hennar, ljóðahlutann, þar sem Job andmælir Guði kröftuglega og vinum sínum, talsmönnum endurgjaldskennningarinnar, þeirrar kenningar að menn uppskeri eins og þeir sái. Sú kenning birtist vel í 1. sálmi Saltarans þar sem borið er saman hlutskipti réttláts manns („allt, er hann gjörir, lánast honum“) og óguðlegra manna („en vegur óguðlegra endar í vegleysu“).²³

Ásmundur Guðmundsson hafði þetta að segja um megininntak Jobsbókar í riti sínu *Inngangsræði Gamla testamentisins*: „Ráðgátan mikla, sem við er barist, er þessi: „Hvernig fá þjáningar góðs og guðrækins manns samrýmst því að Guð er réttlátur?““²⁴

Þessa spurningu glímur Set líka við er ófarirnar dynja á honum og þar kemur að hann hefur sannfærst um ranglæti Guðs. Þegar svo er komið gerir Set sér áætlun þess efnis að brjóta markvisst gegn öllum boðorðum Guðs og hefna sín þannig á þeim sem svo ranglega hefur brotið á honum.

²² Sbr. Jak 5.11: „Þið hafið heyrt um þolgæði Jobs og vitið hvaða lyktir Drottinn gerði á högum hans.“

²³ Um þann sálm hefur raunar verið sagt að hann hafi að geyma vonda guðfræði vegna þess hversu illa hún komi heim og saman við reynslu manna af lífinu á öllum tímum. K. Nielsen, „Sigmund Mowinckel — and Beyond“, *JSOT* 11:2/1997, bls. 200–209, einkum bls. 208–209.

²⁴ Ásmundur Guðmundsson, *Inngangsræði Gamla testamentisins*, [án útg.] Reykjavík, 1933, bls. 248.

Hér er augljós hliðstæða við Jobsbók. Vinir Jobs höfðu dregið þá ályktun af þjáningum hans að hann hlyti að vera syndari. Niðurstaða Jobs var önnur. Hann vissi sig saklausan en engu að síður þjáðist hans. Það hlaut að þýða að Guð hefði brotið á honum. Þetta segir Job blákalt og hann gerir sér grein fyrir því að þar með er hann að segja eitthvað fáheyrð:²⁵

Allt ber að sama brunni, því segi ég:
Saklausum og óguðlegum tortímur hann.
Þegar svipan deyðir óvænt,
hæðir hann angist hinna saklausu.
Falli land guðlausum í greipar,
Byrgir hann augu dómaranna.
Ef ekki hann — hver þá?
(Job 9.22–24.)

Meginhluti kvikmyndarinnar gengur út á að sýna hvernig Set gengur að brjóta boðorðin og hvernig hann strikar yfir þau hvert á fætur öðru eftir að hafa brotið þau. Þar kemur við sögu samband hans, mágkonu hans og eiginmanns hennar. Mágkonan, sem ber biblíunafnið Rakel, tekur hann inn á heimili sitt og reynist honum vinsamleg. Harry, eiginmaður hennar, sem starfar sem blaðamaður á æsifréttablaði, reynist hins vegar hinn mesti skúrkur, heldur stöðugt framhjá konu sinni og hæðist að Set. Þannig segist Harry t.d. brjóta fimm til sex boðorð fyrir hádegi á hverjum degi og engu að síður leiki allt í lyndi hjá sér.

Þessi orð Harrys skapa óneitanlega hugrenningatengsl við þá spurningu, sem brennur á Job og raunar víðar í Gamla testamentinu, hvers vegna hinum óguðlegu gangi vel. Þetta atriði, þ.e. velgengni hinna óguðlegu, kemur víða fyrir í speki- bókmenntum Gamla testamentisins (sbr. Slm 73.3): „Því að ég fylltist gremju út af hinum hrokafullu, þegar ég sá gengi hinna óguðlegu.“²⁶

Þar kemur að Set drýgir hór með Rakel og svarar játandi spurningu hennar um hvort hún sé „boðorð til að brjóta“. Engu að síður fer ekki á milli mála að ástarsamband hefur myndast á milli þeirra. Hér má jafnvel greina ákveðinn skyldleika við ættföðurinn Jakob (1Mós 27–35), sem var kvæntur Leu en fékk síðar Rakelar, systur hennar, eins og Set í kvikmyndinni. Glíma Jakobs við Guð (1Mós 32.22–32) minnir og á átök Sets við Guð.

Fleiri biblíuleg stef koma fyrir í kvikmyndinni og má t.d. sjá á skilti í dómssal orðin úr Orðskviðunum 1.7: „Ótti Drottins er upphaf þekkingar.“ Ein frumlegasta tilvísunin er þegar Set hefur brotið gegn níu boðorðanna og á aðeins sjöunda boðorðið eftir („þú skalt ekki morð fremja“) en þar ákveður hann að stytta sér aldur, að því er virðist,²⁷ og kastar sér í sjóinn og er talinn af. Skömmu síðar rekur hval hins vegar á land og reynist Set lifandi inni í hvalnum.

Þar er að sjálfsgöðu verið að nýta frásögnina kunnur úr Jónasarbók um Jónas í hvalnum. Það er eftirtektarvert að víðar er minnst á hval í myndinni, t.d. í upphafi hennar þegar Set liggur með Karenu konu sinni á baðströnd. Karen er barnshafandi og hún spyr Set hvað honum fyndist ef hún yrði eins og hvalur. Skömmu síðar

²⁵ Tryggve N.D. Mettinger, *Namnet och Närvaron: Gudsnamn och Gudsbild i Böckernas Bok*, Örebro: Bokförlaget Libris, 1987, bls. 175.

²⁶ Sálmur 73 er yfirleitt flokkaður sem spekisálmur og honum er oft líkt við Jobsbók, sbr. kaflaheitið „Þjáningabróðir Jobs“ þar sem fjallað er um sálminn í bók minni *Abriñasaga Saltarans*, bls. 327.

²⁷ Það er þó ekki fyllilega ljóst af myndinni hvort svo sé eða hvort stormurinn einfaldlega kastar honum niður úr vitanum.

drukknar hún. Gamansemi Karenar um líkindi hennar við hval skiptir máli fyrir framvindu myndarinnar.

Þá koma við sögu í myndinni gömul hjón sem orðið hafa fyrir því að stór peningaupphæð hefur alveg óvænt komið inn á bankareikning þeirra. Þau eru mjög trúuð og eru þess alveg fullviss að þetta sé gjöf Guðs til þeirra. Þegar fulltrúar bankans ætla síðan að fá þau til að skila peningunum kemur á daginn að þau hafa gefið góðgerðasamtökum þá alla og hver skyldu þau góðgerðasamtök hafa verið önnur en „Björgum hvöllum“. Gömlu hjónin leggja sig fram um að bjarga hvöllum með aðstoð peninga sem þau telja frá Guði komna og í lokin er það hvalur sem bjargar lífi Sets. Þannig má segja að hvalurinn myndi nánast ramma um myndina.

Hér er ekki ætlunin að rekja hvernig Set brýtur einstök boðorð. Minnisstað er þó tala sem hann heldur í samkunduhúsi Gyðinga. Þar stendur Set í ræðustólnum á hvíldardegi Gyðinga og leggur nafn Drottins við hégóma, vanhelgar þar með hvíldardaginn og jafnvel föður sinn og móður í leiðinni. Það er nú einu sinni svo að brjóti maður gegn einu boðorðanna eru mestar líkur á að maður brjóti gegn fleiri boðorðum í leiðinni.

Í ræðustólnum gerir Set, sem sjálfur er Gyðingur, raunar að umtalsefni háguðfræðilegt viðfangsefni, þ.e. hvernig almætti Guðs og kærleikur geti farið saman í ljósi alls þess illa sem á sér stað í heiminum. Í kvikmyndinni er því verið að glíma við alvarlegar spurningar guðfræðinnar, en það er gert á það gamansaman hátt að hún er gjarnan flokkuð sem gamanmynd.

Nánar um tengslin við Jobsbók

Job er aldrei nefndur á nafn í kvikmyndinni en engu að síður fer ekkert á milli mála að efniviður hennar er að verulegu leyti sóttur í Jobsbók. Job brýtur þó engin boðorð enda koma boðorðin hvergi fyrir í Jobsbók og að ýmsu leyti öðru greinir kvikmyndin sig frá henni.

Tengsl myndarinnar við Jobsbók verða augljós ef við höfum í huga eftirfarandi orð sem vestur-íslenski biblíufræðingurinn Daniel J. Simundson (1933–2013) notaði til að kynna bók sína um Jobsbók:²⁸ „Þegar jafngóður maður og Job þarf að ganga í gegnum hræðilegar þjáningar þá ruglar það okkur í ríminu. Hvers vegna henti þetta hann? Hvað gerði hann af sér til að eiga þetta skilið? Hann var guðrækinn maður, dygdugur maður, góður maður.“ Hér hefðum við getað sett nafn Sets í staðinn fyrir Job og þar með fengið ágæta kynningu á þeirri glímu sem fengist er við í kvikmyndinni *Commandments*.

Mörgum finnst niðurlag Jobsbókar undarlegt og telja að ekki séu þar veitt nein skýr svör við þeim spurningum sem brunnið hafa á Job. Óhætt er að segja að niðurlag þessarar kvikmyndar er ekki síður undarlegt. Þar kemur fellibylurinn „Abe“ við sögu og skapar sú staðreynd sterk hugrenningatengsl við þann Guð sem talaði til Jobs úr stormviðrinu — og er henni örugglega ætlað að gera það. Hér eru því enn ein skýr tengsl við Jobsbók þó svo að úrvinnslan sé frábrugðin.²⁹

²⁸ Daniel J. Simundson: *The Message of Job: A Theological Commentary*, Augsburg Publishing House, Minneapolis, 1986 (baksíða).

²⁹ Ekki er útilokað að heiti fellibylsins „Abe“ eigi að vísa til hebreska orðsins „Ab“, sem þýðir faðir, þannig að verið sé að gefa til kynna að Guð sé í storminum (sbr. Job 38). Það fyndist mér mjög áhugavert ef rétt reyndist. Í ensku máli er Abe þó gjarnan notað sem stytting á Abraham og er sú tilgáta einnig allrar athygli verð að hér sé e.t.v. verið að vísa til frásagnarinnar af því er Abraham var að því kominn að fórna Ísaki, syni sínum (1Mós 22).

Eins og Job, þá fær Set hlut sinn réttan í niðurlagi myndarinnar. Hann eignast nýja konu — mágkonu sína — og hún gengur með barn hans, eins og fyrri kona hans, sem hann missti. Ljóst er að hann hefur aðeins brotið níu af boðorðunum í verki³⁰ og er því bara spurning hvað hann geri með boðorðið „þú skalt ekki morð fremja“. Hann hættir við að drepa svila sinn, hinn svikula Harry, þar sem þeir eru staddir í Montauk-vitanum á Long Island í miklu fárviðri. Það má velta því fyrir sér hvort finna megi óbeina hliðstæðu við iðrun Jobs í þessari ákvörðun Sets (sbr. Job 42.6). Í stað þess að myrða svila sinn virðist Set kasta sér niður úr vitanum þar sem uppgjör þeirra á sér stað í stormviðrinu og í sjóinn þannig að hann er þegar talinn af. Ekki er fyllilega ljóst af myndinni hvort hann hugðist þar fremja sjálfsmorð og brjóta þannig 7. boðorðið án þess að það kæmi niður á öðrum eða hvort stormviðrið tók hann.

Sjálfur er ég þó eindregið þeirrar skoðunar að Set hafi ætlað að fyrirfara sér. En hvað sem því líður er honum, sem fyrr segir, bjargað af hval sem gleypir hann eftir að hann hafði hafnað í sjónum og má sjá þar vísun til upphafsins (lat. *inclusio*). Hafði kona Sets e.t.v. breyst í hval eins og hún hafði gantast með í upphafi myndarinnar og þar með stuðlað að upprisu hans? Hér má að sjálfsögðu sjá hönd Guðs að verki. Eðlilegt er að líta svo á að það hafi verið „Guð“ sem lagði peninga inn á banka-reikning gömlu hjónanna til að „bjarga“ hvölunum og loks staðið á bak við „upprisu“ Sets með aðstoð hvals. Niðurlag myndarinnar er því álíka ævintýrlegt og niðurlag Jobsbókar. Loks fær þrjúturinn Harry makleg málagjöld í lok myndarinnar. Rakel, kona hans, hafnar honum, segist ganga með barn Sets og myndin endar á svipaðan hátt og hún byrjar. Munurinn er bara sá að nú er það Harry sem glatar öllu sínu og hrópar til Guðs eins og Job: „Hvers vegna, Guð? Ég bölvá þeim degi þegar ég fæddist.“

Þessi skemmtilega og athyglisverða mynd á það líka sameiginlegt með Jobsbók að nán tengsl eru milli upphafs og endis, formála og eftirmála.

Sú túlkunarhefð Gyðinga sem kölluð hefur verið „midrash“ er oft á tíðum mjög skemmtileg. Henni hefur verið líkt sem skapandi túlkun. Þar eru menn ófeimnir við að auka við hina fornu texta í ljósi nýrra aðstæðna og heimfæra þá til samtíma síns. Mér finnst vel mega kalla kvikmynd eins og þessa „nútíma-midrash“.

Þjáning og upprisa? Jobsbók í kvikmyndinni *Epli Adams*

Trúarleg og biblíuleg stef gegna stóru hlutverki í dönsku kvikmyndinni *Adams abler* frá árinu 2005 í leikstjórn Anders Thomasar Jensens en myndin var framlag Dana til Óskarsverðlauna það árið. Af hinu trúarlega efni ber fyrst að nefna Jobsbók. En eins og nafn myndarinnar ber með sér, þá eru einnig sterkar vísanir í paradísar-söguna í 1Mós 2–3. Tréð í myndinni og eplið eru dæmi þar um. Tréð gegnir stóru hlutverki. Hér er um gamanmynd að ræða en undirtónarnir eru alvarlegir og þeir eru jafnframt trúar- og biblíulegir.

Sögupráður

Nýnasistinn Adam kemur í sveitakirkju sóknarprestisins Ivans til að gegna þar tólf vikna samfélagsþjónustu þar sem presturinn hyggst leitast við að koma glæpamönnum á réttan veg í lífinu. Adam reynist þó lítt móttækilegur fyrir boðskap prestisins um náungakærleika og honum blöskrar takmarkalítill góðmennska hans.

Strax eftir komuna færir presturinn honum Biblíu. Adam les hana lítið sem ekkert í byrjun en Biblían er alltaf að detta í gólfíð ofan af skenk þar sem presturinn hafði lagt hana. Hið sama á raunar við um mynd af Hitler sem Adam hafði fest á vegginn í herbergi sínu er hann kom að kirkjunni til að gegna samfélagsþjónustunni. Það sem veldur titringnum sem gerir það að verkum að Biblían og myndin af Hitler falla reglulega á gólfíð er hljóðið frá kirkjuklukkunum.

Og alltaf opnast Biblían á fyrstu blaðsíðu Jobsbókar. Það vekur athygli Adams og það vekur líka athygli kvikmyndaáhorfenda og gefur þeim til kynna að Jobsbók hljóti að hafa eitthvað með efni myndarinnar að gera. Og sannarlega reynist Jobsbók gegna stóru hlutverki í myndinni.

Aðalpersónur myndarinnar eru presturinn Ivan og fangarnir fyrrverandi sem hann hefur tekið í samfélagsþjónustu eftir að þeir hafa afplánað fangelsisvist. Þeir eiga litríkan brotaferil að baki og þeir líkjast sannarlega ekki neinum sunnudagaskóladrengjum. En presturinn sýnir þeim enga hörku heldur sérstaka ljúfmennsku og allt að því ótrúlegan skilning og kærleika.

Nýjasti gesturinn í þessu sérstaka samfélagi er Adam, nýnasisti, eins og áður sagði. Honum er engin betrun eða iðrun í huga og hann hefur allt á hornum sér. Fyrir eru Sádi-Arabinn Khalid, sem rænir bensínstöðvar, og Gunnar, fyrrverandi tennisstjarna en nú alkóhólisti, sem er haldinn stelsýki að auki. Ivan heldur því fram að bæði Khalid og Gunnar hafi snúið baki við glæpsamlegri hegðun sinni þó að allt bendi til þess að sú sé alls ekki raunin.

Við komuna inn í þetta sérstaka samfélag Ivans prests fær Adam að velja sér verkefni eins og aðrir sem þarna eru fyrir. Í hálfkæringi segist hann ætla að baka köku – eplaköku! Presturinn gerir ekki lítið úr hugmyndinni sem þó virðist harla léttvæg, heldur tekur hann Adam á orðinu og segir að þar með verði hann að sjá um eplatré kirkjunnar líka. Það reynist þrautin þyngri. Hrafnar taka að herja á tréð og síðan taka ormar sér bólfestu í eplunum. Það er eins og einhver vilji hindra Adam í því verkefni sem átti að vera svo auðvelt, þ.e. að baka eplaköku.

Adam botnar lítið í prestinum sem telur að allar hans ófarir stafi af því að djöfullinn sé að freista hans. Ivan tekur öllu mótlæti með miklu jafnaðargeði eða lætur eins og það sé ekki til staðar, afneitar t.d. fötlun sonar síns. Sannarlega hefur Ivan prestur þó orðið fyrir margs konar áföllum, þ.m.t. kynferðislegri misnotkun í æsku og sjálfsvígi eiginkonunnar. Sonur hans er t.d. fjölfatlaður, er í hjólastól og ekki fær um nein samskipti og sjálfur er Ivan með ólæknandi heilaæxli – þannig að eðlilega minnir hann áhorfendur á Job Gamla testamentisins.

Öllu þessu tekur hann af yfirvegun og þolgæði. Hið sama gerist þegar Adam ræðst á hann og misþyrmir honum. Haldreipi Ivans og nauðvörn er sú skoðun að djöfullinn sé að freista hans og hann hyggst alls ekki láta undan freistingum mykrahöfðingjans.

Og Ivan afneitar um leið öllum verkum djöfulsins, neitar að líta á það sem á honum dynur sem áföll. Sú afstaða hans virðist vera hjálp hans og vörn. Og þrátt

fyrir mótlætið reynist hann haldreipi og hjálparhella þeirra ógæfumanna sem komnir eru undir verndarvæng hans í kirkjunni. Þeir eiga fortíð sem ýmsir aðrir eru ekki jafn reiðubúnir að horfa framhjá og Ivan prestur. Glæpagengi mætir að kirkjunni til að koma fram hefndum gagnvart Sádi-Arabanum Khalid sem er að sinna samfélagsþjónustu við kirkjuna. Glæpagengið samanstendur af fyrrverandi vinum Adams. Í fyrri heimsókn þeirra hrekur Khalid þá á braut, skýtur einfaldlega á þá með byssu sinni.

Þeir koma engu að síður að nýju að kirkjunni og að þessu sinni fjölmennari og betur vopnaðir en áður og ætla að koma fram hefndum gegn Khalid. Ivan kemur þá á vettvang og reynir að stilla til friðar, en það kemur til átaka, skot hleypur úr byssu eins úr genginu og fer í höfuð Ivans. Hann heldur lífi og æxlið losnar úr höfði hans!

Áður hefur Adam fengið skýringu á hegðun Ivans prests hjá sérkennilegum lækni að nafni Kolberg, sem einnig er hluti af samfélaginu í sveitakirkjunni. Hann útskýrir fyrir Adam að Ivan hafi allt sitt líf átt við mikið mótlæti að stríða en honum takist að halda þjáningunum og jafnvel sjúkdómnum (heilaæxlinu) niðri með þeirri staðföstu trú sinni að allt séu þetta freistingar djöfulsins.

Eftir lesturinn á Jobsbók og með hana að vopni ræðst Adam gegn prestinum og tekst að lokum að sannfæra hann um að það sé Guð sjálfur sem sé upphafsmaður allra ófara hans. Það tekur að blæða úr höfði Ivans til marks um að Adam hafi tekist ætlunarverk sitt. Presturinn missir trú sína og lækurinn segir hann aðeins eiga nokkra daga ólifaða.

Átökin við glæpagengið og stormviðrið í kjölfarið snúa þróun mála við svo að endirinn verður allur annar en virðist stefna í. Ivan læknast af sjúkdómi sínum og Kolberg læknir fær með engu móti skilið það og ákveður að segja starfi sínu lausu, enda virðist þarna að verki einhver öfl sem séu handan skynsemi og vísinda.³¹ Adam tekur trú og Ivan læknast af meini sínu og saman setjast þeir og borða eplakökuna sem loks hefur tekist að baka!

Síðan halda þeir af stað og taka á móti nýjum föngum sem komnir eru til að inna samfélagsþjónustu af hendi við kirkjuna. Og titillag myndarinnar, Bee Gees lagið „How deep is your love“, er spilað í bíl þeirra Adams og Ivans, eins og oft áður, en nú tekur Adam undir. Endurlausn hefur orðið í lífi hans.

Þetta er óneitanlega dramatískur endir á þessari óvenjulegu kvikmynd, sem er sambland af gamansemi og alvöru, lýsingu á illsku og vanmætti, kærleika og mætti trúarinnar.

Tengslin við Jobsbók

Biblían sem Ivan sóknarprestur fær Adam opnast stöðugt á fyrstu blaðsíðu Jobsbókar þannig að áhorfandanum er beinlínis sýnt fram á að þetta forna rit úr Gamla testamenti Biblíunnar fari með hlutverk í myndinni. Hiklaust má segja að ritið sé ákveðinn lykill til skilnings myndarinnar.

Í Jobsbók bölvar Job fæðingardegi sínum í 3. kafla. Mikið þolgæði hafði verið einkenni hans fram að því. Þolgæði er einmitt einkenni Ivans prests og minnir það á þá mynd sem birtist af Job í formála samnefnds rits.

³¹ Sbr. Árni Svanur Daníelsson, „Adams æbler“, á vef Deus ex cinema (*dec.i*), 30. sept. 2005.

En Job lætur af þolgæði sínu í 3. kafla ritsins og tjáir eftir það í löngu máli og deilum við vinina þrjá þá skoðun sína sína að Drottinn sjálfur hafi brotið gegn honum. Job segist réttlátur og Guð brýtur á honum.

Í *Adams æbler* er presturinn Ivan hins vegar sannfærður um að það sé djöfulinn sem sé að freista hans með allri þeirri ógæfu sem yfir hann hefur dunið.

Þarna er sannarlega munur á, en samt er Ivan í hlutverki Jobs í myndinni.

Úr munni Ivans hefðu hin kunnu orð Jobs úr 2. kafla breyst dálítið og orðið þannig: „Drottinn gaf, Djöfullinn tók, lofað veri nafn Drottins.“

Það er Adam sem tekur sér fyrir hendur að sýna Ivan fram á að það sé ekki djöfullinn sem sé að freista hans heldur sé það Guð sjálfur sem standi á bak við þjáningar hans. Þannig má segja að í myndinni sé Adam eiginlega bæði í hlutverki Satans og „vinanna“ úr Jobsbók, en þeir voru sem kunnugt er talsmenn endurgjaldskenningarinnar, þeirrar kenningar að menn uppskeri eins og þeir sá.

Í Jobsbók gegna ræður Guðs úr stormviðrinu (Job 38–40) lykilhlutverki. Þar svarar Guð með þeim hætti að Job öðlast nýjan skilning á guðssambandinu.

Mikill stormur brestur á seint í kvikmyndinni *Adams æbler*. Kirkjudygnar opnast o.s.frv. Stormur í kvikmyndum sem eru undir áhrifum frá Jobsbók gegnir undan-tekningalítið ákveðnu hlutverki. Hann gjarnan fyrirboði mikilla tíðinda eða guðsbirtingar. Eins og í Jobsbók markar stormurinn þáttaskil í framvindu frásagnarinnar. Sú er einnig raunin í þessari dönsku kvikmynd. Eldingu slær niður í eplatréd og sú staðreynd fær Adam til að hugsa hlutina upp á nýtt. Hann öðlast trú á að þarna komi æðri máttarvöld við sögu og hann byrjar að taka ábyrgð á samfélaginu í sveitakirkjunni. Og hann leitast einnig við að ná því marki sem honum var sett í upphafi, þ.e. að baka eplaköku.

Í framhaldinu nær Ivan heilsu og hann og Adam setjast og snæða saman eplaköku og Adam gerist í raun lærisveinn hans.

Endirinn er vissulega ekki í samræmi við Jobsbók, nær væri að segja að greina megi hliðstæðu við upprisu Jesú Krists og endurlausn í anda Nýja testamentisins.³² En stormviðrið er sannarlega, eins og í Jobsbók, undanfari óvæntra endaloka og ákveðinnar lausnar þó að ráðgáta þjáningar hins réttláta hafi ekki verið leyst.

Niðurstöður

Kvikmyndirnar þrjár sem bornar eru hér saman eiga það sameiginlegt að allar styðjast þær við Jobsbók Gamla testamentisins að einhverju leyti, vísa til hennar bæði beint og óbeint, þótt í mismiklum mæli sé. Þeim áhorfendum sem kunnugir eru efni Jobsbókar getur ekki dulist að myndirnar vísa allar til hennar.

Tvær myndanna (*Revolt of Job*, 1983, og *Commandments*, 1997) eru gyðinglegar, þ.e. aðalpersónur þeirra eru Gyðingar og sögusviðið gyðinglegt. Þriðja myndin, *Adams æbler* (2005), fjallar hins vegar um kristinn prest og óvenjulegar aðstæður hans. Uppruni myndanna er líka ólíkur: Ungverjaland, Bandaríkin og Danmörk.

En Jobsstefið eiga myndirnar sameiginlegt og er það til marks um hve víða það er notað í menningu og listum, jafnt í hinum gyðinglega heimi sem hinum kristna. Í

³² Sjá ágæta umsögn Árna Svans Danielssonar, „Adams æbler“.

öllum tilfellum birta myndirnar þjáningu heiðvirðs og réttláts fólks sem að auki er trúað.

Þá glíma allar myndirnar beint eða óbeint við spurninguna um þjáninguna og ekki síst þjáningu hins réttláta manns. Allar birta myndirnar líka illsku í hinum mannlega heimi og vekja spurningar sem Jobsbók og fleiri spekitextar í Gamla testamentinu glíma við, þ.e. hvort réttlátt líferni sé með einhverjum hætti verðlaunað (sbr. t.d. Slm 73), sem og spurningu hins réttláta andspænis þjáningunni „Af hverju ég?“ Sú spurning er bæði til sem bókarheiti á íslensku þar sem fjallað um Jobsbók og einnig á málverki Einars Hákonarsonar: *Job. Af hverju ég?* Í fæstum tilfellum þar sem glíma Jobsbókar er á dagskrá í síðari tíma menningu og listum er um afgerandi svar að ræða við þessum sígildu spurningum, en þær eru til staðar í kvikmyndunum þremur þó að ekki séu þær orðaðar nákvæmlega með þessum hætti.

Í grunninn eru myndirnar þó harla ólíkar. Það birtist m.a. í afstöðu aðalpersóna myndanna til Guðs. Í myndinni *Uppreisn Jobs* talar ungverski Gyðingurinn Job um Hitler sem óvin sinn, þjáningarnar skrifar hann ekki á reikning Guðs en biður einlæglega til hans og upplifir bænheyrslu í ættleidda syninum og þar með finnst honum hann hafa leikið á „filisteann“ Hitler. Í bandarísku kvikmyndinni *Boðorða-brjótur* skrifar aðalpersónan Set ófarið sínar alfarið á reiknings Guðs. „Ég þekki muninn á óheppni og hendi Guðs,“ segir hann og ákveður að hefna sín á Guði með því að brjóta markvisst gegn öllum boðorðunum tíu. Í dönsku myndinni *Epli Adams* afneitar presturinn Ivan í raun þjáningum sínum, sér þær aðeins sem freistingar djöfulsins, og leitast við að starfa dyggilega sem þjónn Guðs og láta freistingar djöfulsins í engu spilla fyrir kærleiksþjónustu sinni. Einn þeirra sem býr í kærleiksríku skjóli hans fær hann engu að síður loks til að efast um að Guð standi með honum.

Í Jobsbók Gamla testamentisins eru ræður Guðs úr stormviðrinu (Job 38–40) tvímælalaust hápunkturinn sem leiðir til þess að Job upplifir nálægð Guðs og sættist við hann og iðrast fyrri orða sinna.³³

Það vekur raunar mesta athygli við samanburð kvikmyndanna þriggja að þar kemur stormviðri við sögu í öllum tilfellum, jafnan seint í myndunum eða jafnvel í niðurlagi þeirra. Stormviðrið hefur tvímælalaust mikla þýðingu í öllum myndundum og markar þáttaskil þótt það sé á mismunandi hátt og megi túlka á ólíka vegu. En þannig er það einmitt með ræður Jobs úr stormviðrinu í samnefndri bók að fræðimönnum hefur gengið afar illa að verða sammála um merkingu þeirra.

Kvikmyndirnar veita ferska sýn á hina fornu Jobsbók, sýna að hún lifir góðu lífi í menningunni, á sér þar ríkulegt framhaldslíf og glímur við sígildar spurningar þessa kunna rit Gamla testamentisins en gefur sjaldnast afgerandi svör.

³³ Sjá t.d. Tryggve N.D. Mettinger, *Reports From a Scholar's Life: Select Papers on the Hebrew Bible*, Winona Lake, Indiana: Eisenbrauns, 2015, einkum kaflann „The God of the Whirlwind“, bls. 245–246.